



Í dag var unnið að undirbúningi Compak Sporting vallarins en hann verður settur upp inní velli 1. Hann mun samanstanda af 6 vélum sem kasta frá mismunandi sjónarhornum samkvæmt reglum FITASC. FITASC eru alþjóðasamtök haglabyssuskotgreina sem standa utan Ólympíugreinanna. STÍ, Skotíþróttasamband Íslands, er að ganga frá inngöngu í þau samtök og munum við í framhaldi geta tekið þátt í öllum stórmótum á vegum þeirra samtaka.